

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 542 15. nóvember 1989.

1. gr.

3. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skilyrði þess að sveitarfélag fái framlag skv. 1. mgr. er að sveitarfélag hafi sótt um framlag til félagsmálaráðuneytisins til framkvæmdarinnar og ráðgjafarnefnd hafi samþykkt kostnaðaráætlun fyrir framkvæmdina og styrkhæfni hennar. Nauðsynlegar upplýsingar og gögn skulu fylgja umsókn. Umsóknir þurfa að berast ráðuneytinu fyrir 1. nóvember ár hvert.

2. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1989, og öðlast gildi 1. janúar 1990. Þá fellur jafnframt úr gildi reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 467/1981, með síðari breytingum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1989, til að öðlast gildi þegar í stað.

4. gr.

Við reglugerðina bætist bráðabirgðaákvæði sem orðast þannig:

Ákvæði til bráðabirgða.

Við úthlutun tekjujöfnunarframlaga 1990 skal til grundvallar útsvarstekjum leggja álögd útsvör 1990 á tekjur á árinu 1989. Skilyrði fyrir því að sveitarfélag fái tekjujöfnunarframlag 1990 er að sveitarfélag hafi á árinu 1990 fullnýtt heimild til útsvarsálagningar (7,5%). Tekjujöfnunarframlag 1990 skal miðað við að greiða sveitarfélögum 90% af þeirri upphæð sem þau skortir til að ná viðmiðunartekjum skv. 13. gr.

Félagsmálaráðuneytið, 10. október 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.